Eftirlit með garnaveikibólusetningum

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Bréf til dýralækna	Tölvupóstur	1. **Héraðsdýralæknir (HD)** tekur fyrir 20. janúar ár hvert út lista úr Heilsu yfir þá bæi sem ekki hafa enn bólusett við garnaveiki skv. kerfinu. Listinn er sendur á starfandi dýralækna í umdæminu þar sem þeir eru hvattir til að skrá í Heilsu þau býli þar sem bólusett hefur verið eða beðnir um að láta vita ef bólusett hefur verið en ekki skráð. Veita skal dýralæknum frest til 2ja vikna til þessa.
2. Bréf til bænda	Málakerfi	2. Eftir þennan frest tekur HD aftur saman lista yfir þá bæi sem ekki hafa bólusett. HD stofnar mál í One eftir sniðmátinu „Eftirlit með garnaveikibólusetningum“ (sniðmátið er undir umdæmisstofum) með viðkomandi bændur sem viðskiptavin. Viðkomandi bændum er sent staðlað bréf („Eftirlit með garnaveikibólusetningum“ undir umdæmisstofum) þar sem þeim er tilkynnt að ekki finnist neinar skráningar í gagnagrunni um að bólusetning hafi farið fram. Þeim er bent á að ef bólusetning hafi sannarlega verið framkvæmd að sjá til þess að skráningar skili sér í gagnagrunninn Heilsu eða sýna fram á bólusetningum með öðrum hætti. Þá kemur einnig fram að viðurlög vegna vanrækslu bólusetninga er skv. 7. gr. reglugerðar nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni en þar segir að þeir bæir þar sem eigandi/umráðamaður sauðfjár hefur ekki sinnt skyldu til bólusetningar skv. 5. gr. reglugerðar teljast garnaveikibæir. Sé um að ræða bú með leyfi til sölu líflamba í Snæfellsneshólfi missir búið leyfi til líflambasölu skv. 3. gr. reglugerðar nr. 550/2008 um flutning líflamba á milli landsvæða. Veita skal bændum frest til 2ja vikna til viðbragðs.
3. Bú sett á garnaveikilista	Málakerfi	3. Hafi ekkert verið aðhafst að fresti liðnum þá setur **sérgreinadýralæknir sauðfjársjúkdóma (SDS)** viðkomandi bú á garnaveikilista þar til bólusetning hefur verið staðfest. Á meðan gilda 3. og 4. gr. reglugerðar um garnaveiki og varnir gegn henni. Við staðfestingu á framkvæmd bólusetningar er máli lokað.
4. Bú tekin af garnaveikilista	Málakerfi	4. Ef staðfesting um bólusetningu er móttekin tekur SDS búið af garnaveikilista og allar takmarkanir falla niður. HD sendir bónda bréf þess efnis úr málinu og lokar því.